



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Haukur Sigurðsson
Sundstræti 33
400 Ísafirði

Reykjavík, 15. júní 2023
MÍ202306-0016/ 6.06 / 6672

Hafnarstræti 5, Ísafjörður – breytingar, hækkun þaks

Í tölvupósti dags. 5. júní 2023 leitar Haukur Sigurðsson eftir álit Minjastofnunar Íslands vegna Hafnarstrætis 5 á Ísafirði. Með erindinu fylgja uppdrættir Kjartans Árnasonar arkitekts af breytingunni, dagsettir 6. febrúar 2023. Sótt er um leyfi til að hækka ris hússins, setja þakglugga á sitt hvora hlið þaksins, einn nýjan glugga austan megin á annarri hæð hvors húsgafls fyrir sig, auk eins nýs glugga á miðjan gafl nýrrar rishæðar.

Hafnarstræti 5 er í dag tvílyft forskalað timburhús með valmaþaki sunnan megin en gafla að næsta húsi til norðurs. Skv. Fasteignaskrá er það byggt árið 1943 og til er teikning af núverandi útliti þess frá sama ári, eftir Sigurð Guðjónsson. Samkvæmt húsakönnun um Ísafjörð eftir Elísabetu Gunnarsdóttur og Jónu Símoníu Bjarnadóttur var húsið þó upprunalega byggt annarsstaðar sem einlyft timburhús, fyrir árið 1917 og er því friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Eigendum friðaðra húsa er skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

Minjastofnun Íslands heimilar fyrirhugaða breytingu á Hafnarstræti 5.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Pétur H. Ármannsson arkitekt
sviðsstjóri umhverfis og skipulags


María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti:

Haukur Sigurðsson (haukur@haukursig.com)

Axel R. Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar (bygg@isafjordur.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.